



Viðbót við fornleifaskráningu

vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar
frá Þorlákshöfn að Grindavík

Nýjar veglínur og námur



Bjarni F. Einarsson
Reykjavík 2001

Forsíðumyndin sýnir einn grjótgarðinn við Fornagarð í Selvogi. Þetta er syðsti garðurinn, skammt þar hjá þar sem Prestavegur fer í gegn. Í bakgrunni má sjá Víghól og fjær er Strandarkirkja. Ljósm. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Vegagerðina

© Bjarni F. Einarsson
Júní 2001.

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar kannaði undirritaður nokkrar breytingatillögur að fyrirhuguðu vegastæði Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn í Árnessýslu að Grindavík í Gullbringusýslu og hugmyndum að námum í nágrenni leiðanna. Líta ber á þessa könnun sem viðbót við skýrslu Fornleifafræðistofunnar frá því í október 2000. Sama aðferð var notuð og þá.

Allar veglínur og fyrirhugaðar námur með heimreiðum voru kannaðar á vettvangi og gengið úr skugga um hvort og hve margar fornleifar kynnu að finnast á stöðunum eða við þá.

Vettvangsvinna fór fram á tímabilinu 10. júní – 14. júní síðastliðinn.

Umsjónarmaður af hálfu verkkaupa var Valtýr Þórisson hjá Vegagerðinni.

Sérstaklega skal bent á að breytingar á veglínunum (miðað við fyrri skýrslu) munu hafa í för með sér breytingar á hættumati og hættu. Þessar breytingar verður ekki hægt að ákveða fyrr en endanleg veglína hefur verið ákveðin.



Mynd 1. Varða við Selvogsgötu, við NV – horn fyrirhugaðrar námu skammt vestur af Þorlákshöfn (1. náma). Varðan er að hverfa undir sandöldu. Ljós. BFE.

Skráningin

Áður hafa a.m.k. 86 fornleifar verið skráðar í tengslum við hinn fyrirhugaða Suðurstrandarveg og eru a.m.k. 64 þeirra friðlýstar (Bjarni F. Einarsson 2000). Aðeins lítill hluti þessara fornleifa voru taldar í hættu vegna hinna fyrirhuguðu vegaframkvæmda.

Skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (10. og 11. gr.) Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis¹ (11. gr.). Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Við þessa nýju skráningu fundust fimm fornleifar á fimm stöðum (sjá töflu 1) auk viðbóta við fornleifar nr. 16 og 22 í Ölfushreppi. Fornleifaskrá hefur verið breytt í samræmi við viðbæturnar og fylgja þær breytingar (nr. 16 og 22) uppkasti þessu.

¹ Orðinu umhverfi hefur verið bætt inn í nýju lögin.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumót	Hættu	Lína	Ástand	Alkur	Minjagildi	Friðlýst	Merkja?
Ölfushreppur										
16:1	Fornleið/vörður	x	Vegagerð	Mikil	Ný	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
22:1	Garðar	>8	Vegagerð	Mikil	Allar	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Já
30:1	Varða	1	Náma	Lítill	Ný	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
31:1	Sjómerki?	1	Vegagerð	Mikil	Ný	Lélegt	1550-1900	Lítið	Já	Nei
32:1	Sjómerki	1	Vegagerð	Mikið	Ný	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Nei
Grindavík										
20:1	Varða	1	Ekkert	Engin	-	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
21:1	Gata	1	Vegagerð	Mikil	Ný	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei

Tafla 1 yfir hinar skráðu fornleifar sem koma við sögu nýrra tillagna um veglínur. Undir liðnum Lína er átt við þá vegahugmynd sem ógnar viðkomandi fornleifum, eða þá sem næst er. Minjagildi fornleifa nr. 16 hefur verið breytt og nær nú yfir alla Selvogsgötuna.

Námur

Samtals 20 tillögur að námum voru skoðaðar. Náma nr. 1 var austast og svo haldið vestur. Aðeins þær námur sem athugasemdir eru gerðar við eru taldar upp hér.

1. náma:

Náman er skammt vestur af Þorlákshöfn, norðan við Þyrsklingsnef, hæl 56 500 (ný lína, sjá fylgirit B1). Náman sker Selvogsgötuna og mun raska nokkrum vörðum við götuna. Mælt er með því að sleppa þessari námu. Vegur að henni mun aukreitis skera Selvogsgötuna, sem hefur talsvert minjagildi og er friðlýst á kafla við Selvog (ekki talin friðlýst í Fornleifaskrá).

5. Náma.

Náman er skammt norðaustur af Strákhæðum við hæl 47 500 (ný lína, sjá fylgirit B2). Skammt norðvestur af hinni fyrirhuguðu námu er varða (fornleifar nr. 30). Varðan er ekki í beinni hættu vegna námunnar, en aðgát skal höfð í frammi svo að varðan raskist ekki. Hún hefur lítið minjagildi.

7. náma.

Náman er innan við svæði það sem Fornigarður afmarkar, nálægt hæl 42 000 (ný lína, sjá fylgirit B3). Bent er á opna námu í nágrenninu, norðaustur af þessari, rétt sunnan við veginn. Sú náma virðist hafa samskonar efni og hin fyrirhugaða 7. náma og því mælt með því að sleppa þessari. Vegur að 7. námu gæti hótað grjótgörðum. Fornigarður og aðrar fornleifar í landi Strandar eru friðlýstar.

14. náma.

Náman er við austurjaðar Ögmundarhrauns, skammt frá hæl 17 500. Hún liggur of nærri fornleifum nr. 5 (sjá Bjarni F. Einarsson 2000). Þessar fornleifar eru býsna fallett gerði sem trúlega er nátthagi frá Krísuvík. Hann er settur niður í geil eða vik í hraunið, en hraunið sjálft er hluti af haganum. Náman myndi eyðileggja umhverfi nátthagans. Mælt er með því að færa námuna.

16. náma.

Náman er í lágu felli norðvestan við Skála-Mælifell, suðaustan við Stóra-Leirdal. Engar athugasemdir eru gerðar við sjálfa námuna, en vegur að henni mun fara yfir götu sem skráðar eru sem fornleifar nr. 21 (sjá fylgirit B4). Mælt er með því að sleppa námunni.

Veglínur

Fylgt er breytingum á veglínunum frá austri til vesturs. Ekki er gerður greinarmunur á litum veglína eins og í fyrri skýrslu.

Við hæla 56 500 – 57 000, við Þorlákshöfn

Ný hugmynd að veglínu mun fara yfir kafla á Selvogsgötu, fornleifum nr. 16. Mælt er með því að færa götuna allavega 20 metra frá götunni og meðfylgjandi vörðum. Sjá athugasemdir við 1. námu.

Við hæl 42 200, í Selvogi

Vegurinn mun fara yfir tvær fornleifar, nr. 31 og 32. Lagt er til að vegurinn verði færður allavega 20 m frá fornleifunum.

Við hæla 41 300 - 41 600, í Selvogi

Vegurinn mun fara í gegn um þéttasta grjótgarðakerfið við Fornagarð (sjá fylgirit B3). Lagt er til að vegurinn verði færður ofar eða í það horf sem fyrri hugmynd gerði ráð fyrir, eða ofar.

Við hæl 35 800, við Herdísarvík

Línan fer í gegnum rústasvæði sem mælt hefur verið nákvæmlega inn af Vegagerðinni, þó einstakar rústir á svæðinu séu það ekki. Lagt er til að línan verði færð upp fyrir rústirnar.

Niðurstaða

Alls fundust fimm nýjir staðir með fimm fornleifum á eða við nýjar hugmyndir að veglínunum hins fyrirhugaða Suðurstrandarvegar og náma tengdum honum. Ennig fundust fleiri fornleifar við áður skráða staði (nr. 16 og 22) í Ölfushreppi. Þrjár fornleifar á þremur stöðum eru í mikilli hættu vegna hinnar fyrirhuguðu vegagerðar (ný lína). Stungið er upp á því að breyta veglínunum til að hlífa fornleifunum.

Verði veglínunum breytt enn frekar frá því sem nú hefur verið gert, þarf að kanna þá kafla sem breytast.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga ber akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2000.

Fylgirit:**A)**

Fornleifaskrá, nr. 16, 22 og 30 – 32 í Ölfushreppi og nr. 20 – 21 í Grindavík. (Bent skal á að nr. 19 er autt númer).

B)

Kort af þeim stöðum þar sem nýjar fornleifar voru skráðar, eða einhverjar athugasemdir eru gerðir við.

- 1) Kort af umhverfi austustu námunnar, norðan við Þyrsklingsnef, við hæl 56 500. Þar kemur einnig fram hluti af Selvogsgötu (nr. 16).
- 2) Kort af umhverfi 5. námu, norðaustan við Strákhæðir nálægt hæl 46 500. Þar kemur fram hluti af legu Selvogsgötu (nr. 16) og varða (nr. 30).
- 3) Kort af umhverfi Fornagarðs (að hluta), norður af Víghól. Þar kemur fram flókið kerfi af grjótgörðum í námundan við fyrirhuguð vegastæði.
- 4) Kort af umhverfi 16. námu norðaustur af Skála-Mælifelli og legu vegar frá henni til suðurs. Þar kemur einnig fram lega vörðu (nr. 20) og götu (nr. 21).

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Árnessýsla	Ölfus	8717		16
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Nes	-	Selvogsgata		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	8.9.00	N 63°49.49 W 021°37.15		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Vörður/fornleið							Suð 00 Suð 01	3
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið						Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Í blásinni heiði á milli Þorlákshafnar og Selvogs. Vörðurnar eru á lágum hraunhólum, skammt austur af Strákahæðum. Þær standa sín hvoru megin við gömlu götuna og varða hana. Ca. 50 m N af nyrðri vörðunni er hæll merktur 45 700.

Heimildir og munnmæli

Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979:28.

Lýsing

Vörður/fornleið.

1) Varða.

Úr hraungrjóti, 1 x 1 m stór við botninn sem er ferhyrndur, 1,3 m há. Varðan stendur á mosavaxinni hraunhellu. Hún er dálítið löskuð.

24 m SV af vörðu 1 er varða 2:


2) Varða.

Úr hraungrjóti, 1 x 1 m stór við botninn sem er ferhyrndur, 1,3 m há. Varðan er dálítið löskuð.

3) Fornleið.

Á milli varðanna liggur gamla fornleiðin á milli Þorlákshafnar og Selvogs. Sjálf gatan sést mjög ógreinilega á þessum kafla. Hana má þó rekja skammt frá Þorlákshöfn og að Nesi. Ekki sést þó sjálf gatan alltaf, en hún er vel vörðuð alla leið. Yfirleitt liggur gatan mun fjær hinum fyrirhugaða vegi á kaflanum Þorlákshöfn - Selvogur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Efri myndin sýnir nyrðri vörðuna (1) og sú neðri sýnir syðri vörðuna (2). Ca. 100 m VSV af vörðunum er annað vörðupar. Það var ekki skráð en er í skarðinu sem sést á efri myndinni rétt vinstra megin við miðju.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Árnessýsla	Ölfus	8717		22
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Strönd/Vogsósar		Fornigarður		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	11.9.00	N 63°50.29 W 021°41.57		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garðar		Suð 00 Suð 01	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Ágætt	-1550	-			Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Hátt					-	Já	1927

Lega og staðhættir

Í blásnu holti á milli Strandarkirkju og Vogsósa eða frá Hlíðarvatni við Vogsósa í áttina að Strandarkirkju.

Heimildir og munnmæli

Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1903. Reykjavík 1903:51.
Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78.
Íslenskt fornbréfasafn. II bindi 1253-1350. Kaupm h. 1893:124.
Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979:226f.

Lýsing

Garður.

Úr grjóti (NNA - SSV), 0,3 - 0,5 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár. Garðurinn er nær allur á kafi í sandi. Ca. 50 m suður af þeim stað sem miðlína hins fyrirhugaða vegar sker garðinn, gengur annar garður út úr Fornagarði. (nr. 23).

Garðurinn var aðallega skoðaður þar sem hann er í hættu vegna vegagerðarinnar. Hann virðist þó nær samfelldur, nema við sinn hvoran endann þar sem hann hefur máðst svolítið.

13/6 2001.

Við vettvangsathugun þann 12/6 voru enn fleiri garðar skoðaðir á svæðinu og þeir teiknaðir inn á loftmynd hjá Vegagerðinni (fornleifar nr. 23). Garðarnir virðast fyrst og fremst liggja við S-hluta þess svæðis sem fornigarður afmarkar en þó norður af Víghól. Allir eru þeir mjög svipaðir og sumir mjög orpnir sandi.

Breidd þeirra er meiri en gefin er upp í lýsingu hér að ofan, eða 3 - 4 m (sandur) og hæðin getur verið rúmum einn metri.

Athugasemdir

Garðurinn verður í hættu ef vegur verður lagður þar sem hann er fyrirhugaður. Hann þarf þá að rannsaka með leyfi og skilmálum Fornleifaverndar ríkisins. Bent skal á að 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis fylgir friðlýstum fornleifum.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Árnessýsla	Ölfus	8717		30
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Nes				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	11.6.01	N 63°50.30 W 021°36.78			<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Varða							Suð 01	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?	
Náma	Lítill	Sæmilegt	1550-1900				Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?
Lítið							Nei	Já
							Hvenær	1927

Lega og staðhættir

Á blásnum berghrygg í sendinni heiði (Heimasandi), NA af Strákahæðum. Skammt N af áætluðu námasvæði á milli hæla 47 500 - 48 000.

Heimildir og munnmæli

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78.

Lýsing

Varða.

Úr grjóti ca. 1,1 x 1,2 m (NNV - SSA). Botn er ferstrendur. Neðri hluti vörðunnar er sandi orpinn og nokkuð farinn að gróa grasi og lyngi. Á efstu steinum er mosi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-2040zoom

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vörðunnar verður að leita leifis Fornleifaverndar ríkisins varðandi mótvægisáðgerðir.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Árnessýsla	Ölfus	8717		31
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Þorkelsgerði				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	12.6.01	N 63°50.17 W 021°41.25			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Sjómerki		Suð 01	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið					Nei	1927	

Lega og staðhættir

Ca. 60 m A af girðingu. Í hvilft í hraunhrygg. Í blásnum móa.

Heimildir og munnmæli

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78.

Lýsing

Sjómerki?

Úr grjóti, ca. 3 m í þvermál og 0,4 m há. Sjómerkið er hrúnið og lítið sem bendir til þess að þarna hafi staðið sjómerki, annað en sjómerki nr. 32. Nánasta umhverfi merkisins er nú gróið.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-2040zoom

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Árnessýsla	Ölfus	8717		32
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þorkelsgerði				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	12.6.01	N 63°50.17 W 021°41.32			<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Sjómerki							Suð 01	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900				Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?
Talsvert								Já
							Hvenær	1927

Lega og staðhættir

Ca. 15 m A af girðingu, á hraunhrygg í blásnum móa. Ca. 50 m SV af fornleifum nr. 31.

Heimildir og munnmæli

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78.

Lýsing

Sjómerki

Úr grjóti, 4 - 5 í þvermál og 2 m há. Sjómerkið er vel gróið grasi og mosa og vel heilt.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-2040zoom

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Grindavík	2300		20
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ísólfskáli				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	14.6.01	N 63°51.46 W022°16.60			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Suð 01 Suð 03	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Umferð	Lítill	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Ca. 1 m NA við vegaslóða í Stóra-Leirdal. Í blásnu holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Ca. 2 m í þvermál, úr grjóti, 0,4 m há.

Varðan er aðeins farin að gróa á stöku stað.

Varðan virðist varla vera mjög gömul og ekki sér í aðra vörðu. Hún gæti þó hafa tilheirt leið sem lá niður dalinn og við gljúfrið, skammt frá veginum á milli Krísuvíkur og Grindavíkur (sbr. fornleifar nr. 21).

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Grindavík	2300		21
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ísólfskáli				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	14.6.01	E 339025 N 376391	Isn 93	30	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata		Suð 01 Suð 03	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Sæmilegt	1900-		Línulögn	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Ekkert	0	Ekkert	0		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Við klif vestan við uppþornaðan árfarveg og foss vestan í Skála-Mælifelli (Mælifellsskarð) nokkra metra norðan við veginn á milli Krísuvíkur og Grindavíkur.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

Gatan sést þar sem hún liggur frá veginum til Grindavíkur upp klifið. Þegar upp á það er komið verður hún varla greind í gjörblásnu landinu. Hún er ca. 2 - 3 m breið þar sem hún fer upp klifið og myndar þar einskonar stall í hallanum. Á barmi klifsins hefur verið klappað í gljúpa klöppina. Eru það ca. 3 sm breiðar skorur, ca. 30 sm langar. Eru skorur þessar fleiri en 10 og mynda þær röð eftir götunni. Eins má sjá rennur sem myndast hafa undan hófum hesta.

Varða nr. 20 gæti hafa staðið við leið þessa þar sem hún hefur legið upp Stóra-Leirdal.

GPS mæld syðst.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Gatan telst varla til fornleifa og því þarf eingar mótvægisáðgerðir þó ekki sé hægt að tryggja öryggi minjanna. GPS mælt á ný 22. nóv. 2007. Óbreytt ástand.